

## AUGLÝSING

172

15. nóv.

um breyting á reglum um smíði tréskipa, nr. 100 22. september 1936.

1. gr. reglnanna orðist þannig: Tréskip, sem smíðað er til skráningar hér á landi, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í 2.—53. gr. þessara reglna. Reglur þessar eru fyrir sléttuúðuð skip, smíðuð úr eik eða furu og eik.

Stærð þeirra skipa, sem reglur þessar ná til, skal ákveðin af skipaskoðunarstjóra.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 93 3. maí 1935 til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1939.*

Ólafur Thors.

*Páll Palmason.*

## REGLUGERÐ

173

14. sept.

um framtal á bifreiðahjólborðum og slöngum.

### 1. gr.

Þeir bifreiðaeigendur og aðrir, sem eiga eða hafa umráð yfir nýjum eða nothæfum bifreiðahjólborðum og slöngum, fram yfir það, sem talið er fylgja hverri bifreið (4 hjólbarðar og 1 til vara, ásamt slöngum), skulu tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, á þar til gerðum eyðublöðum, tölu og tegund þess, sem er í vörzlum þeirra af fyrgreindum hjólborðum og slöngum.

### 2. gr.

Þeim, sem hafa í vörzlum sínum hjólbarða eða slöngur, samkv. 1. gr., er óheimilt að selja þessa hluti eða ráðstafa þeim til annara án leyfis Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Skylt er að láta þá af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, gegn hæfilegu endurgjaldi.

### 3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, allt að 1000 krónum. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.*

Jakob Möller.

Eysteinn Jónsson.

Hermann Jónasson

Ólafur Thors.